

REGLUGERÐ

um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um alla sölu gistingar á gististöðum, alla sölu og veitingu veitinga í atvinnuskyni á þeim stöðum sem almenningur á aðgang að hvort sem er í mat eða drykk, áfengum eða óáfengum. Einnig gildir reglugerðin um tækifærisleyfi vegna skemmtanahalds, tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.

II. KAFLI

Gististaðir.

2. gr.

Almennt.

Gisting er leiga á húsnaði gististaðar til gesta gegn endurgjaldi í að hámarki 30 daga samfleytt í senn. Samfelld leiga til lengri tíma til sama gests fellur undir húsaleigulög.

Gististaður er hvert það hús eða húshluti sem notaður er til gistingar og dvalið er í til skamms tíma, að hámarki til 30 daga samfleytt, gegn endurgjaldi.

Gistirými er herbergi, rými eða svefnskáli sem tilheyrir gististað og boðið er til gistingar.

Gististað skal aðeins starfrækja í húsnaði sem byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heimagistingu samkvæmt ákvæðum 13. gr. má reka í samþykktu íbúðarhúsnaði en allir aðrir gististaðir að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka skulu vera í samþykktu atvinnuhúsnaði til þeirra nota sem fyrirhuguð eru.

Skilgreining á fullbúinni snyrtingu og fullbúinni baðaðstöðu er samkvæmt gildandi reglugerð um hollustuhætti.

3. gr.

Flokkar gististaða.

Flokkun gististaða tekur mið af því hvort samhliða gistingu séu boðnar veitingar í mat og/eða drykk, áfengar og/eða óáfengar. Gististaðir flokkast nánar með eftirfarandi hætti, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Flokkur I:	Heimagisting.
Flokkur II:	Gististaður án veitinga.
Flokkur III:	Gististaður með veitingum, þó ekki áfengisveitingum.
Flokkur IV:	Gististaður með áfengisveitingum.

Rekstraraðilum gististaða er óheimilt að auðkenna gististaði með stjörnum eða öðrum merkjum sem gefa til kynna hvers konar gæðaflokkun nema að undangenginni formlegri gæðauttekt þriðja aðila sem viðurkennd er af stjórnvöldum.

4. gr.

Tegundir gististaða.

Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu sem bjóða skal gestum. Hver einstök tegund gististaða getur fallið undir fleiri en einn framangreindan flokk gististaða, í samræmi við þá starfsemi sem rekstrarleyfi viðkomandi staðar hljóðar um:

- Hótel:** Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og veitingar að einhverju tagi framleiddar á staðnum. Fullbúin baðaðstaða skal vera með hverju herbergi.

- b. *Stærra gistiheimili*: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 6 herbergi eða fleiri eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
- c. *Minna gistiheimili*: Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi eða hefur rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
- d. *Gistiskáli*: Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel).
- e. *Fjallaskálar*: Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús.
- f. *Heimagisting*: Gisting á lögheimili einstaklings eða einni annarri fasteign í hans eigu sem hann hefur persónuleg not af.
- g. *Íbúðir*: Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskildar.
- h. *Fristundahús*: Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga, eru undanskilin.

5. gr.

Búnaður gististaða.

Húsnæði og búnaður gististaða skal vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi svæði og skal jafnframt fullnægja kröfum laga og reglugerða á sviði hollustuhátta, byggingarmála, brunamála og um atvinnuhúsnæði. Starfsemi heimagistingar og minna gistiheimilis telst almennt falla í notkunarflokk 3 ~~skv. samkvæmt~~ byggingarreglugerð.

Á gististöðum skal gæta fyllsta hreinlætis og snyrtimennsku. Allur búnaður skal vera hreinn og heill.

Ávallt skal þrifa og skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýjum viðskiptavinum er vísað til gistirýmis. Ef þvottur er þvegin á staðnum skal það gert við aðstæður sem heilbrigðisnefnd samþykkir.

~~Rúm stærð skulu rúma skal~~ vera a.m.k. 2,00 x 0,90 m fyrir einn, en að minnsta kosti 2,00 x 1,40 m fyrir tvo og skal vera sæng og koddur fyrir hvern gest.

~~Lesljós skal vera við hvert rúmstaði. Í herbergi skal vera góð lýsing og þannig frá gluggum gengið að útlöka megi birtu.~~

~~Gestir skulu hafa aðgang að síma.~~

~~Ákvæði 3.-64. mgr. gilda ekki um fjallaskála.~~

6. gr.

Skrá yfir gesti.

Á gististað skal haldin skrá yfir næturgesti með upplýsingum um nafn, kennitölu eða fæðingardag, heimilisfang og þjóðerni. Þá skal vera til staðar afrit af gildum persónuskilríkjum til staðfestingar eða vegabréfsnúmer viðkomandi á gististöðum samkvæmt liðum a. - d. í 4. gr. þessarar reglugerðar. Skráin skal varðveitt í að minnsta kosti 12 mánuði og vera aðgengileg lögreglu og sýslumanni þegar þess er óskað. Heimilt er að halda rafræna skrá.

Leyfishöfum gististaða er skylt að skila gistináttaskýrslum mánaðarlega til Hagstofu Íslands.

7. gr.

Hótel.

Á hóteli skal gestamóttaka vera aðgengileg allan sólarhringinn og næturvarsla til staðar.

Fullbúin snyrting með baðkeri eða sturtu ásamt salerni og handlaug skal vera með hverju herbergi.

Snyrting skal vera vel loftræst, með spegli og rafmagnsinnstungu, a.m.k. tveimur handklæðum fyrir hvern gest þar af einu baðhandklæði, vatnsglasi, sæpu og ruslafötu með loki.

~~Í hverju herbergi skal vera að minnsta kosti einn stóll eða sæti fyrir hvern gest, vinnuaðstaða með viðeigandi lýsingu, rafmagnsinnstunga, fataslá, hillur og herðatré, töskuhilla eða töskugrind og ruslakarfa.~~

8. gr.

Stærra gistiheimili.

Á stærri gistiheimilum skal vera næturvarsla eða aðgengi að síma og skal neyðarnúmer þá birt á áberandi stað.

Handlaug skal vera í hverju herbergi. Fyrir hverja 10 gesti skal vera a.m.k. ein fullbúin snyrting og fullkomin baðaðstaða, sem samþykkt hefur verið af viðkomandi heilbrigðisnefnd.

~~Hver gestur skal hafa a.m.k. tvö handklæði auk sápu og vatnsglass.~~

~~Í hverju herbergi skal vera að minnsta kosti einn stóll eða sæti fyrir hvern gest, vinnuaðstaða með viðeigandi lýsingu, rafmagnsinnstunga, fataslá, hillur og herðatré, töskuhilla eða töskugrind og ruslakarfa.~~

9. gr.

Minna gistiheimili.

Á minni gistiheimilum er ekki gerð krafa um næturvörslu.

Fyrir hverja 10 gesti skal vera a.m.k. ein fullbúin snyrting og fullkomin baðaðstaða, sem samþykkt hefur verið af viðkomandi heilbrigðisnefnd.

~~Í hverju gistiherbergi skal vera aðstaða til að hengja upp föt, pappírskarfa, nægilegur fjöldi handklæða og vatnsglas.~~

Eldvarnir skulu taka mið af ákvæðum byggingarreglugerðar um íbúðarhúsnæði, en með auknum ráðstöfunum skv. reglum Mannvirkjastofnunar þar að lútandi.

10. gr.

Gistiskáli.

Í gistiskálum skal vera næturvarsla eða aðgengi að síma og skal neyðarnúmer þá birt á áberandi stað.

Fyrir hverja 10 gesti skal vera a.m.k. ein fullbúin snyrting og baðaðstaða, sem samþykkt hefur verið af viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Gisting getur verið ýmist í sér herbergjum eða svefnsölum og með eða án rúmfata. Í gistiskálum skulu vera svefndýnur sem mögulegt er að þrifa.

Gestir skulu hafa aðgang að eldhúsi og matsal með lágmarks aðbúnaði, s.s. helluborði, pottum, pönnum, diskum og hnífapörum.

Undir gistiskála falla farfuglaheimili (hostel).

11. gr.

Fjallaskálar.

Í fjallaskálum skulu vera svefndýnur sem mögulegt er að þrifa. Gisting getur verið ýmist í herbergjum eða svefnsölum.

Fjallaskálar skulu vera staðsettir utan alfaraleiðar.

Fjallaskálar skulu hafa viðunandi salernis- og snyrtiaðstöðu sem samþykkt er af heilbrigðisnefnd.

Um útbúnað þeirra fer eftir gildandi reglugerð um hollustuhætti.

12. gr.

Íbúðir.

~~Íbúðagisting íbúðargisting~~ er leiga á stakri íbúð til ferðamanna. Falli útleiga íbúðar ekki undir heimagistingu telst íbúðin vera atvinnuhúsnæði og skal vera samþykkt af byggingarfulltrúa sem slík.

Eldvarnir skulu taka mið af ákvæðum byggingarreglugerðar um íbúðarhúsnæði, en með auknum ráðstöfunum skv. reglum Mannvirkjastofnunar þar að lútandi.

Innan íbúðar skal vera a.m.k. ein fullbúin snyrting og fullkomin baðaðstaða, sem samþykkt hefur verið af viðkomandi heilbrigðisnefnd.

Í hverju gistiherbergi skal vera aðstaða til að hengja upp föt, ruslakarfa, nægilegur fjöldi handklæða og vatnsglas.

13. gr.

Heimagisting.

Heimagisting er gisting á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota og er í hans eigu. Ef aðili óskar skráningar á fasteign í sinni eigu sem hann er ekki með skráð lögheimili á, telst eignin ekki til persónulegra nota hafi aðrir skráð lögheimili á eigninni. Ef um er að ræða lögheimili einstaklings er ekki skilyrði að viðkomandi sé einnig þinglýstur eigandi. Uppfylli fleiri en einn aðili skilyrði til skráningar heimagistingar vegna sömu eignar, hvort heldur sem skráning á sér stað á grundvelli eignarheimildar eða lögheimilisskráningar, skal liggja fyrir samþykki þeirra allra til skráningarinnar.

Aðeins er heimilt að leigja viðkomandi eignir út til 90 daga samanlagt á hverju almanaksári eða þar til samanlagðar tekjur af leigu eignanna ná fjárhæð sem kveðið er á um í 3. tölul. 4. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Er þar átt við að fjöldi samanlagðra útleigðra gistinátta í báðum eignum megi að hámarki vera 90 dagar eða tekjur af slíkri leigu nemi samanlagt umræddri fjárhæð. Fjöldi gistinátta miðast við fastanúmer og skráð heiti viðkomandi eignar, ekki við kennitölu þess sem skráir heimagistingu. Einungis einum einstaklingi er heimilt að vera með skráða heimagistingu í hverri fasteign á hverjum tíma.

Gistirými heimagistingar getur verið íbúðarherbergi, íbúðarhúsnæði eða frístundahús sem samþykkt er af byggingaryfirvöldum.

Einstaklingur sem býður heimagistingu skal ábyrgjast ábyrgist að húsnæðið íbúðarhúsnæðið uppfylli viðeigandi kröfur laga og reglugerða um brunavarnir, m.a. að reykskynjarar Reykskynjarar, eldvarnarteppi og slökkvitæki séu skulu vera í húsnæðinu íbúðinni. Þá Uppdráttur skal sem liggja sýnir fyrir á áberandi stað yfirlit um flóttleiðir úr eigninni útgönguleiðir ásamt staðsetningu brunavarna brunavarnarbúnaðar skal festur á vegg við eða á inngangshurð í öllum gistirýmum.

Ekki skulu fleiri en tíu manns vera um hverja fullbúna baðaðstöðu. Baðaðstaðan skal vera vel loftræst og sé hún notuð jafnt af gestum og heimilisfólki skulu þar aðeins vera hreinlætistæki með tilheyrandi nauðsynjum ásamt ruslafötu með loki. Skulu gestir hafa þar forgang.

Í hverju gistiherbergi skal vera aðstaða til að hengja upp föt, ruslakarfa, nægilegur fjöldi handklæða og vatnsglas.

Ef leigð eru út fleiri en fimm herbergi eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga í heimagistingu telst um gististað í flokki II að ræða þrátt fyrir að önnur skilyrði um heimagistingu séu uppfyllt.

III. KAFLI

Veitingastaðir.

14. gr.

Almennt.

Veitingastaðir eru staðir þar sem framreiddur er matur og/eða drykkur til viðskiptavina í atvinnuskyni, hvort sem er til neyslu á staðnum eða ekki og skal sú starfsemi vera meginstarfsemi staðarins. Til veitingastaða teljast jafnframt staðir þar sem fram fer reglubundið skemmtanahald og útleiga samkomusala í atvinnuskyni.

Á veitingastöðum skal liggja frammi og vera aðgengileg gestum skrá um verð á þeim veitingum í mat og drykk sem á boðstólum eru.

Við mælingu áfengisskammta skal nota löggilt mælitæki.

15. gr.

Dvöl ungmenna á veitingastöðum.

Ungmennum yngri en 18 ára er óheimilt að dvelja á veitingastað sem hefur leyfi til áfengisveitinga eftir kl. 22 á kvöldin. Þó er þeim það heimilt ef þau eru í fylgd með eftirtöldum einstaklingum, eldri en 18 ára:

- a. Foreldrum eða öðrum forráðamönnum, svo sem stjúpforeldrum eða fósturfórelldrum.
- b. Móður- og/eða föðurfórelldrum. Sama gildir um foreldra stjúpfórelldris eða fósturfórelldris.
- c. Maka.

Fari skóladansleikir eða aðrar skemmtanir og uppákomur á vegum skóla, íþróttafélaga, æskulýðsfélaga og annarra viðurkenndra félaga ungmenna fram á veitingastað sem hefur leyfi til áfengisveitinga er ungmennum yngri en 18 ára þó heimil þar dvöl eftir kl. 22 að kvöldi fram til loka viðkomandi viðburðar enda fari engar áfengisveitingar þar fram á sama tíma.

16. gr.

Búnaður veitingastaða.

Húsnæði og búnaður veitingastaða skal vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi svæði og skal jafnframt fullnægja kröfum reglugerða um brunamál og reglna um húsnæði vinnustaða.

Viðskiptavinir veitingastaða skulu eiga greiðan aðgang að snyrtingu. Starfsfólk veitingastaða skal hafa aðgang að sérstakri snyrtingu.

Yfirmaður í eldhúsi veitingastaðar skal búa yfir fullnægjandi menntun og þekkingu í meðferð matvæla, hreinlæti og verkstjórn í samræmi við ákvæði matvælalaga og gildandi reglugerðar um hollustuhætti.

17. gr.

Flokkun veitingastaða.

Flokkun veitingastaða miðast við þá starfsemi sem þar fer fram, þörf á eftirliti og þau áhrif sem staður kann að hafa á umhverfi, svo sem vegna afgreiðslutíma, hávaða og áfengisveitinga. Veitingastaðir flokkast nánar með eftirfarandi hætti, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald:

Flokkur I:	Staðir án áfengisveitinga.
Flokkur II:	Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrí tónlist og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.
Flokkur III:	Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er háværrí tónlist og kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

18. gr.

Tegundir veitingastaða.

Veitingastaðir skiptast í eftirtaldir tegundir eftir starfsemi og þjónustu sem bjóða skal viðskiptavinum. Hver einstök tegund veitingastaða getur fallið undir fleiri en einn framangreindan flokk veitingastaða, í samræmi við þá starfsemi sem rekstrarleyfi viðkomandi staðar hljóðar um.

- a. *Veitingahús*: Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framreiðslu.
- b. *Skemmtistaður*: Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi og fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Hér undir falla einnig staðir þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar, dans gesta, tónlist og langan afgreiðslutíma en engar eða takmarkaðar veitingar í mat.
- c. *Veitingastofa og greiðasala*: Veitingastaðir með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Á slíkum stöðum er takmarkaðri þjónusta og/eða gestir afgreiða sig sjálfir að hluta eða öllu leyti. Hér undir falla t.d. skyndibitastaðir og einnig söluskálar með aðstöðu til neyslu veitinga.
- d. *Veislubjónusta og veitingaverslun*: Staðir þar sem fram fer sala veitinga sem ekki er til neyslu á staðnum enda er slík sala meginstarfsemi staðarins.
- e. *Kaffihús*: Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Hér undir falla t.d. bakarí sem hafa aðstöðu til neyslu veitinga á staðnum.
- f. *Krá*: Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat, þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og langan afgreiðslutíma.
- g. *Samkomusalir*: Staðir sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða

drykk. Félagsheimili, íþróttasalir, flugskýli, vöruskemmur og önnur húsakynni sem að jafnaði eru ekki ætluð til samkomuhalds í atvinnuskyni geta fallið hér undir ef útleiga til skemmtanahalds fer oftar fram en tólf sinnum á ári.

19. gr.

Veitingar um borð í skipum.

Heimilt er að veita leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi í skipulögðum hópferðum innan landhelgi og í hópferðum sem farnar eru af sérstöku tilefni. Skal slíkt rekstrarleyfi veitt af leyfisveitanda þar sem heimahöfn skipsins er að fenginni umsögn Samgöngustofu. Skilyrði slíks leyfis er að viðkomandi skip hafi leyfi Samgöngustofu til flutnings farþega í atvinnuskyni en að öðru leyti gilda almennar reglur um rekstrarleyfi skv. ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerðar þessarar.

20. gr.

Dyravarsla.

Að jafnaði skulu vera að lágmarki tveir dyraverðir á veitingastöðum í flokki III ef um er að ræða skemmtistaði, samkomusali eða krá en halda skal hverju sinni uppi fullnægjandi dyravörslu og eftirliti að mati lögreglustjóra. Lögreglustjóri getur gert frekari kröfur um fjölda dyravarða allt eftir umfangi og tegund starfseminnar, stærð staðar og/eða fjölda gesta.

21. gr.

Hæfi dyravarða.

Enginn getur gegnt dyravörslu nema þeir sem lögreglustjóri samþykkir.

Dyraverðir skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

a. Vera að minnsta kosti 20 ára.

b. Hafa ekki gerst sekir um ofbeldis- eða fíkniefnabrot á síðustu fimm árum. Leggja skal fram sakavottorð því til staðfestu. Erlendir ríkisborgarar skulu leggja fram sakavottorð frá sínu heimalandi.

Lögreglustjóri metur að öðru leyti hverjir teljist hæfir til að gegna dyravörslu.

Lögreglustjóra er heimilt að kveða á um að enginn skuli gegna dyravörslu nema hann hafi lokið viðurkenndu námskeiði fyrir dyraverði. Lögreglustjóri getur sett nánari reglur um efni slíkra námskeiða og kveðið nánar á um hæfisskilyrði dyravarða.

22. gr.

Hlutverk dyravarða.

Hlutverk dyravarða er m.a. að hafa eftirlit með að farið sé að reglum um afgreiðslutíma veitinga- og skemmtistaða og slit skemmtunar, leyfðan gestafjölda, aldur gesta og meðferð áfengis. Skulu þeir og aðrir eftirlitsmenn halda uppi röð og reglu á skemmtun og er þeim í því skyni heimilt að vísa þeim af skemmtun sem brjóta gegn settum reglum og/eða eru valdir að óspektum. Dyravörðum er heimilt að kveðja sér til aðstoðar við störf sín hvern þann sem þeir óska.

IV. KAFLI

Leyfisveitingar.

23. gr.

Útgáfa leyfa.

Sýslumenn gefa út rekstrarleyfi og tækifærisleyfi hver í sínu umdæmi. Rekstrarleyfi verður ekki gefið út nema fyrir liggi starfsleyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga og reglugerða um matvæli. Liggi slíkt starfsleyfi ekki fyrir getur umsækjandi sótt um það samhliða umsókn um rekstrarleyfi og skal þá leyfisveitandi framsenda umsókn til heilbrigðisnefndar, enda fylgi henni nauðsynleg gögn.

24. gr.

Umsókn um leyfi.

Umsókn skal send leyfisveitanda í því umdæmi sem starfsemi eða skemmtun er fyrirhuguð. Umsókn vegna sölu veitinga um borð í skipi skal send leyfisveitanda í umdæmi heimahafnar skips.

Umsókn skal vera á sérstöku eyðublaði eða á miðlægri leyfisveitingagátt. Jafnan skal skila umsókn rafrænt og jafnframt heimila leyfisveitanda að afla nauðsynlegra gagna sem fylgja þurfa umsókn rafrænt eftir því sem slíkt er mögulegt.

Í umsókn skal tilgreina fastanúmer og skráð heiti þeirrar fasteignar þar sem fyrirhuguð starfsemi mun fara fram.

Þrátt fyrir að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði 3. mgr. um tilgreiningu fastanúmers er leyfisveitanda heimilt í sérstökum tilvikum að gefa út rekstrarleyfi með þeim skilyrðum að úr annmörkum verði bætt innan tiltekins frests, að hámarki tvö ár. Verði ekki bætt úr annmörkum innan frestsins ber leyfisveitanda að afturkalla leyfið án fyrirvara og aðvörunar.

Gjald fyrir leyfisbréf, sem innheimt er samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs, skal greitt þegar umsókn er lögð inn.

A. Rekstrarleyfi.

25. gr.

Umsókn um rekstrarleyfi.

Sé umsækjandi lögaðili skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:

- a. Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.
- b. Búsetuvottorð fyrir forsvarsmenn umsækjenda.
- c. Vottorð um búsföræði fyrirtækis og forsvarsmanns þess.
- d. Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.
- e. Sakavottorð forsvarsmanns.
- f. Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu gagnvart lífeyrissjóðum.
- g. Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu umsækjanda og forsvarsmanns hans.
- h. Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.
- i. Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.
- j. Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.

Sé umsækjandi einstaklingur skulu eftirtalin gögn fylgja umsókn um rekstrarleyfi eða þeirra aflað rafrænt eftir því sem við verður komið:

- a. Starfsleyfi heilbrigðisnefndar.
- b. Búsetuvottorð.
- c. Vottorð um búsföræði.
- d. Staðfesting ríkisskattstjóra á virðisaukaskattsnúmeri.
- e. Sakavottorð.
- f. Yfirlýsing umsækjanda varðandi skuldastöðu sína gagnvart lífeyrissjóðum.
- g. Vottorð frá innheimtumanni ríkissjóðs, og eftir atvikum sveitarfélagi, um skuldastöðu.
- h. Nákvæm teikning af húsnæði. Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal fylgja staðfest afrit af aðaluppdrætti þess þar sem fram kemur afmörkun þess rýmis sem ætlað er fyrir reksturinn og skal tilgreina

stærð þess í fermetrum. Einnig skal fylgja með umsókn upplýsingar um aðgengi að almennum bílastæðum eða bílastæðum sem fylgja gististað samkvæmt eignaskiptayfirlýsingu.

i. Ef um er að ræða útiveitingaleyfi, teikning þar sem fram kemur stærð og skipulag útisvæðis.

j. Staðfesting fyrri leyfishafa um að hann hafi hætt rekstri, ef við á.

25. gr. a.

Þrátt fyrir g-lið 1. mgr. 8. gr. og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 85/2007 skal leyfisveitandi ekki afturkalla þegar útgefið rekstrarleyfi þegar umsækjandi, forsvarismaður umsækjanda, leyfishafi eða forsvarismaður leyfishafa skulda samanlagt allt að 10.000.000 kr. í skatta og opinber gjöld, enda sé í gildi greiðsluáætlun milli framangreindra aðila og skattyfirvalda um niðurgreiðslu skuldar. Þá er leyfishafa í slíkum tilvikum jafnframt heimilt að gefa út rekstrarleyfi. Verði ekki staðið við greiðsluáætlun, að mati leyfisveitanda, ber leyfisveitanda að afturkalla leyfið án fyrirvara eða aðvörunar. Við mat á því hvort staðið hafi verið við greiðsluáætlun er leyfisveitanda heimilt að afla upplýsinga frá skattyfirvöldum.

26. gr.

Umsagnir.

Leyfisveitandi skal senda umsókn ásamt fullnægjandi gögnum til umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar, slökkviliðs, heilbrigðisnefndar, byggingarfulltrúa, vinnueftirlits og lögreglu.

Umsagnir framangreindra aðila eru bindandi og skulu að jafnaði veittar eigi síðar en 45 dögum frá móttöku erindis leyfisveitanda þar að lútandi. Berist umsagnir ekki innan þess frests sem leyfisveitandi tilgreinir er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi.

Sveitarstjórn skal leitast við að afla umsagna frá heilbrigðisnefnd og byggingarfulltrúa innan síns sveitarfélags og skila leyfisveitanda sameinaðri umsögn frá þessum aðilum. Um efni umsagna allra þessara aðila vísast til 27. gr. reglugerðar þessarar. Viðkomandi sveitarstjórn getur aðlagð ferli við þetta eftir því sem þurfa þykir. Telji sveitarstjórn að gera þurfi breytingar á samþykktu deiliskipulagi sem séu óverulegar en geti haft áhrif á landeigendur, eigendur og leigjendur fasteigna á aðliggjandi lóðum, skal grenndarkynna viðkomandi starfsemi. Í slíkum tilvikum lengist frestur sveitarstjórnar sem nemur tófinni sem af þessu hlýst, til að veita umsögn.

Framlengja má frest samkvæmt 2. mgr. ef gera þarf breytingar á húsnaði og enn fremur ef viðkomandi húsnaði er ekki tilbúið til endanlegrar úttektar eða ef aðrar málefnalegar ástæður búa að baki. Leyfisveitanda skal þá tilkynnt um slíkar ástæður. Í umsögn skal koma skýrt fram hvort umsagnaraðili samþykkir útgáfu leyfis eða leggst gegn því.

Séu einhverjir þeir annmarkar á umsókn þannig að ekki verði unnt að mæla með leyfisveitingu skal umsagnaraðili tilkynna umsækjanda um annmarkann og veita honum frest til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Telji umsagnaraðili einhverja annmarka vera á umsókn en þó ekki slíka að ástæða sé til að hafna leyfisveitingu skal hann veita umsækjanda hæfilegan frest til að gera úrbætur.

Leggist umsagnaraðili gegn útgáfu leyfis, en leyfisveitandi telur ekki rétt að hafna leyfisveitingu vegna sérstakra aðstæðna, er heimilt að kalla eftir nýrri umsögn m.t.t. mögulegra úrbóta. Getur umsagnaraðili þá veitt jákvæða umsögn með þeim skilyrðum að úr annmörkum verði bætt innan tiltekins frests. Verði ekki bætt úr annmörkum innan frestsins, að mati umsagnaraðilans, ber leyfisveitanda að afturkalla leyfið án fyrirvara og aðvörunar. Umsagnaraðilum ber að taka afstöðu til þess hvort skilyrðum sé fullnægt innan framangreindra tímamarka.

Umsagnaraðilar samkvæmt 1. mgr. skulu leitast við að hafa samráð sín á milli.

27. gr.

Efni umsagna.

Í umsögnum umsagnaraðila skal eftirfarandi a.m.k. koma fram, en ekki er um tæmandi talningu að ræða.

Sveitarstjórn skal veita umsögn um fyrirhugaðan afgreiðslutíma staðar, þ.e. á hvaða tíma heimilt er að hafa hann opinn. Einnig staðfestir sveitarstjórn að staðsetning staðar sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélags kveður á um og eftir atvikum að næg bílastæði fylgi gististað.

Heilbrigðisnefnd skal meta grenndaráhrif starfseminnar, s.s. hljóðvist. Einnig skal heilbrigðisnefnd gæta þess að sú starfsemi sem sótt er um sé í samræmi við starfsleyfi og starfsemi og staður séu rétt skilgreind eftir flokkun og tegund viðkomandi staðar skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð þessari. Einnig skal heilbrigðisnefnd gæta þess að fjöldi gesta sé í samræmi við ákvæði gildandi reglugerðar um hollustuhætti.

Byggingarfulltrúi skal veita umsögn um hvort viðkomandi mannvirki uppfyllir kröfur laga um mannvirki svo og annarra laga, reglugerða og samþykktar byggingarmál varða.

Slökkvilið skal veita umsögn um brunavarnir þess staðar þar sem fyrirhuguð starfsemi fer fram og einnig leyfilegan fjölda gesta.

Vinnueftirlit skal veita umsögn um aðstæður starfsmanna á þeim stað þar sem starfsemin er fyrirhuguð.

Lögregla veitir umsögn um nauðsyn á dyravörslu og sérstakri löggæslu.

28. gr.

Umfang leyfis.

Rekstrarleyfi samkvæmt reglugerð þessari skal gefið út á nafn umsækjanda og heimilar það eingöngu rekstur í þeim flokki, af þeirri tegund og í því húsnæði sem þar er tilgreint og eftir atvikum á þeim árstíma sem tilgreindur er í leyfinu.

Rekstrarleyfi er eingöngu gefið út til viðkomandi umsækjanda og er það óframseljanlegt. Með framsali á rekstrarleyfi er átt við að annar lögaðili eða einstaklingur tekur við eða sinnir grundvallarþáttum í rekstri veitingastaðar eða gististaðar svo sem sölu áfengis, innkaupum eða beinni viðtöku og meðferð fjármuna úr rekstrinum.

Afgreiðslutími veitingastaðar fer eftir því sem segir í rekstrarleyfi en rýming staðar skal hafa farið fram eigi síðar en einni klukkustund eftir að heimilum afgreiðslutíma lýkur.

29. gr.

Breytingar er varða rekstrarleyfi.

Leyfishafi skal tilkynna leyfisveitanda þegar í stað um fyrirhugaðar breytingar sem varða hina leyfisskyldu starfsemi svo og ef leyfishafi hyggst eða hefur hætt starfsemi.

Leyfisveitanda er heimilt að fella niður rekstrarleyfi berist honum tilkynning um að sannanlega sé hafin önnur starfsemi í húsnæðinu en rekstrarleyfi kveður á um. Leyfisveitanda er heimilt að fella niður rekstrarleyfi hafi leyfishafi ekki stundað þá starfsemi sem kveðið er á um í leyfinu í samfelld 12 mánuði. Leyfisveitanda er einnig heimilt að fella niður rekstrarleyfi ef starfsemi er umfangsmeiri en gildandi leyfi gerir ráð fyrir.

Tilkynna skal leyfishafa skriflega um fyrirhugaða niðurfellingu og honum veittur frestur til að gera athugasemdir við niðurfellinguna áður en hún fer fram. Slíka tilkynningu er heimilt að senda með rafrænum hætti á netfang.

Ákvörðun um að halda skóladansleik eða skipulagða skemmtun fyrir börn og ungmenni yngri en 18 ára á veitingastað sem leyfi hefur til sölu áfengra veitinga telst ávallt breyting á skilmálum rekstrarleyfis og skal sækja um slíka breytingu eigi síðar en 3 vikum fyrir hinn fyrirhugaða dansleik eða skemmtun. Fer um slíka umsókn sem um tækifærisleyfi væri að ræða og gilda um hana sömu skilyrði.

Rekstrarleyfishafi ber ábyrgð á þeirri skemmtun sem fram fer á veitingastað hans.

Lögreglustjóri getur sett reglur um nánari skilyrði sem uppfylla þarf vegna skóladansleikja.

B. Tækifærisleyfi.

30. gr.

Almennt um tækifærisleyfi.

Sækja þarf um tækifærisleyfi fyrir skemmtun eða einstökum atburði sem fram fer á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi. Einnig þarf að sækja um tækifærisleyfi fyrir áfengisveitingum þegar atburður fer fram á stað sem ekki hefur rekstrarleyfi eða ef þörf er á viðbót við gilt rekstrarleyfi, svo sem tímabundinni viðbót til að veita áfengi eða viðbótarafgreiðslutíma áfengis á stað sem þegar hefur rekstrarleyfi sem felur í sér áfengisveitingar.

Leyfi til skemmtunar eða atburða sem ekki er ætlað að standa lengur en í sólarhring skal sækja um með þriggja tveggja vikna fyrirvara.

Leyfi til skemmtunar eða atburðar sem ætlað er að standa lengur en sólarhring skal sækja um með minnst 30 daga fyrirvara. Sé skemmtun eða atburður sérstaklega umfangsmikil, og kalli á mikinn undirbúning, skal sækja um leyfi með minnst þriggja mánaða fyrirvara.

31. gr.

Umsókn um tækifærisleyfi.

Í umsókn um tækifærisleyfi skal gerð grein fyrir hvers konar samkomu sótt er um leyfi fyrir, þ.e. skóladansleik, tónleikahald, dansleik, útihátíð o.þ.h.

Þá skal jafnframt gera grein fyrir eftirfarandi:

- Staðsetningu skemmtunar eða atburðar.
- Áætluðum fjölda gesta.
- Lengd skemmtunar eða atburðar.
- Aldursdreifingu gesta sem líklegt er að sækji skemmtunina eða atburðinn.
- Dagskrá skemmtunar eða atburðar ef hún liggur fyrir.

32. gr.

Umsagnir.

Leyfisveitandi skal leita umsagnar lögreglustjóra og sveitarstjórnar, þ.m.t. heilbrigðisnefndar og slökkviliðs, í því umdæmi sem skemmtun er fyrirhuguð. Þá getur leyfisveitandi leitað umsagna annarra umsagnaraðila sem getið er í 25. gr. ef þörf er talin á.

Umsagnir skal veita eins fljótt og auðið er. Umsagnir framangreindra aðila eru bindandi og skulu að jafnaði veittar innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. Berist umsagnir ekki innan þess frests sem leyfisveitandi tilgreinir er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi.

33. gr.

Umsögn lögreglustjóra.

Leyfisveitandi getur eftir umsögn lögreglustjóra bundið tækifærisleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á staðnum. Skulu þeir einkum halda uppi röð og reglu við staðinn og í næsta nágrenni hans, þ. á m. hafa eftirlit með og greiða fyrir umferð að og frá staðnum. Þegar um er að ræða útisamkomur skulu lögreglumenn annast löggæslu á samkomusvæðinu.

Lögreglustjóri mælir fyrir þörf og fyrirkomulagi á löggæslu á eða við skemmtun eða atburði hverju sinni.

34. gr.

Löggæslukostnaður.

Kostnaður vegna löggæslu á skemmtun eða atburði greiðist úr ríkissjóði af viðkomandi lögreglustjóra. Skal að jafnaði við það miðað að hverju sinni séu tiltækir tveir lögreglumenn við almenn löggæslustörf, í nágrenni skemmtistaðar eða þar sem atburður fer fram.

Sá sem stendur fyrir skemmtun eða atburði sem aðgangur er seldur að með einum eða öðrum hætti skal þó endurgreiða lögreglustjóra þann kostnað er leiðir af aukinni löggæslu vegna þess, umfram það sem eðlilegt má telja. Við mat á því hvað megir teljast eðlilegt ber lögreglustjóra að taka mið af reynslu fyrri ára vegna sambærilegra skemmtana eða atburða, þeim fjölda sem búist er við að sækji skemmtun eða atburð, viðbúnaði leyfishafa vegna skemmtunar eða atburðar, hvort áfengi er leyft á skemmtun eða atburði og staðsetningu.

Í þeim tilvikum sem gestum er heimill aðgangur að skemmtun eða atburði eftir kl. 23.30 skal sá sem fyrir skemmtun eða atburði stendur endurgreiða allan löggæslukostnað frá þeim tíma og þar til skemmtun eða atburði lýkur. Ríkissjóður skal þó bera ferðakostnað lögreglumanna. Að jafnaði skal eigi endurkrefja um kostnað vegna löggæslu lengur en sem nemur einni klukkustund eftir að skemmtun eða atburði lýkur.

Kostnaður vegna löggæslu getur náð til eftirfarandi útgjalda:

- | | | | | | | | |
|----------|---------------|----|-------|---------|-----|--------------|---------|
| a. Launa | lögreglumanna | að | teknu | tilliti | til | launatengdra | gjalda, |
|----------|---------------|----|-------|---------|-----|--------------|---------|

- b. dagpeninga lögreglumanna á meðan á löggæslu stendur,
- c. kostnaðar sem fellur til vegna aksturs um skemmtanasvæði,
- d. kostnaðar vegna uppsetningar nauðsynlegs tækjabúnaðar, svo sem fjarskiptakerfa eða síma- og tölvubúnaðar, og
- e. kostnaðar vegna uppsetningar nauðsynlegrar vinnuaðstöðu fyrir lögreglu, svo sem skúra eða annarra vistarvera.

Við ákvörðun um löggæslukostnað ber að hafa samráð við umsækjanda og gæta meðalhófs þannig að aðilum sé ekki íþyngt með kostnaði umfram það sem eðlilegt getur talist. Gæta skal samræmis við ákvörðun löggæslukostnaðar þannig að sambærileg mál hljóti sambærilega meðferð. Þá skal einnig gæta samræmis þannig að um sambærilegar skemmtanir og atburði gildi sömu reglur.

Undir ákvæðið falla ekki atburðir og skemmtanir á vegum sveitarfélaga, t.d. bæjarhátíðir og æskulýðs- og íþróttahátíðir sem ekki eru haldnar í atvinnuskyni og aðgangur ekki seldur að skemmtun eða atburði. Undir ákvæðið geta þó fallið atburðir eða skemmtanir á vegum einstaklinga eða lögaðila sem haldnar eru í atvinnuskyni í tengslum við slíkar hátíðir.

Heimilt er að kveða nánar á um gjaldtöku samkvæmt þessari grein í gjaldskrá sem innanríkisráðherra setur.

35. gr.

Umsögn slökkviliðsstjóra.

Leyfisveitandi getur eftir umsögn slökkviliðsstjóra bundið tækifærisleyfi því skilyrði að slökkvilið haldi öryggisvakt á staðnum. Slökkviliðið skal þá tryggja útgönguleiðir komi til bruna og sjá til þess að eðlilegar brunavarnir séu virtar.

Slökkviliðsstjóri ákveður þörf og fyrirkomulag á öryggisvakt á eða við skemmtun eða atburði hverju sinni.

36. gr.

Gjaldtaka vegna öryggisvaktar slökkviliðs.

Kostnaður vegna öryggisvaktar slökkviliðs skal greiðast af þeim aðila sem stendur fyrir skemmtun, eða eiganda húsnæðisins, í samræmi við gjaldskrá slökkviliðs.

37. gr.

Útihátíðir.

Útihátíð er samkoma sem haldin er utanhúss vegna hátíðahalda eða skemmtana fyrir almenning, svo sem bæjarhátíðir.

Tækifærisleyfi fyrir útihátíð verður ekki gefið út nema fyrir liggi starfsleyfi heilbrigðisnefndar eftir því sem við á, sbr. gildandi reglugerð um hollustuhætti.

Á útihátíðum og öðrum útisamkomum þar sem fólk gistir á tjaldsvæðum og ætla má að gestafjöldi verði yfir 1500 skal leyfisveitandi setja a.m.k. eftirfarandi skilyrði fyrir leyfi:

- a. Að sérstök móttaka verði á svæðinu fyrir aðhlynningu þolenda kynferðisbrota eða að þeim verði tryggð aðstoð sérstaks fagfólks með þekkingu og reynslu af móttöku þolenda kynferðisbrota á næsta sjúkrahúsi eða heilsugæslu.
- b. Að mótshaldari sækji daglega samráðsfundi með yfirmönnum lögreglu, fulltrúum frá heilsugæslu og gæsluliðum.
- c. Að bílastæði fyrir samkomugesti verði afmörkuð og girt af.
- d. Að nægileg gæsla sé á tjaldsvæðum og mótssvæði.
- e. Að mótshaldari tryggi nægjanlega lýsingu á myrkum svæðum, t.d. á bílastæðum, við salerni, tjaldsvæði, matartjöld og við lögreglu- og heilsugæslumiðstöð.

Þá getur leyfisveitandi sett önnur nauðsynleg skilyrði fyrir leyfi byggð á málefnalegum rökum. Að öðru leyti gilda um leyfin ákvæði um tækifærisleyfi almennt.

C. Skráningarskylda vegna heimagistingar.

38. gr.

Skráning heimagistingar.

Sá sem hyggst bjóða upp á heimagistingu í samræmi við 3. gr. laganna skal skrá starfsemi sína hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu eða á miðlægu vefsvæði sé það fyrir hendi.

Við skráningu skal aðili leggja fram upplýsingar um viðkomandi fasteign, þar á meðal fastanúmer hennar og skráð heiti, þar sem sala gistingar mun fara fram. Einnig ber aðila að staðfesta að húsnæðið uppfylli skilyrði um brunavarnir samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar. Þá ber aðila að staðfesta að húsnæðið sé fullnægjandi m.t.t. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, starfsleyfi heilbrigðisnefndar sé til staðar og að húsnæðið hafi hlotið samþykki sem íbúðarhúsnæði. Jafnframt skal aðili staðfesta að samþykki annarra sem uppfylla skilyrði skráningar samkvæmt 13. gr. reglugerðar þessarar liggi fyrir.

Skráning heimagistingar gildir innan viðkomandi almanaksárs. Í upphafi nýs almanaksárs skal aðili endurnýja skráningu hafi hann í hyggju að selja gistingu. Við endurnýjun er sýslumanni heimilt að óska eftir frekari gögnum og staðfestingum ef þurfa þykir s.s. nýtingaryfirliti frá bókunarvefjum.

Aðili með skráða heimagistingu skal senda sýslumanni eða gegnum þar til gert vefsvæði, sundurliðað yfirlit yfir nýtingu þeirra eigna er skráningin nær til um leið og viðkomandi hefur nýtt sér heimildir þess almanaksárs eða eigi síðar en við lok sama almanaksárs og sala gistingar fór fram. Í nýtingaryfirliti skal koma fram hvaða daga húsnæði var leigt út ásamt upplýsingum um tekjur sem féllu til af sölu gistingar í viðkomandi eign eða eignum. Skil á nýtingaryfirliti er skilyrði fyrir endurnýjun skráningar á næsta almanaksári.

39. gr.

Eftirlit með heimagistingu og gististarfsemi.

Eftirlitsaðili með heimagistingu er sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Hefur hann eftirlit með skráðum og skráningarskyldum aðilum sem bjóða upp á heimagistingu í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar þessarar. Beina skal athugasemdum vegna heimagistingar til hans.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu annast ákvarðanir um stjórnvaldssektir vegna leyfisskyldrar gististarfsemi. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu skal tilkynna álagðar stjórnvaldssektir vegna leyfisskyldrar gististarfsemi til sýslumanns þess umdæmis þar sem brot á sér stað. Við ákvörðun um stjórnvaldssektir vegna leyfisskyldrar gististarfsemi er sýslumanni heimilt að afla gagna með sjálfstæðri rannsókn.

Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu skal m.a. fylgjast með þeim miðlum þar sem heimagisting fasteignir eru auglýstar til skammtímaleigu ásamt því að yfirfara nýtingaryfirlit, tekjuupplýsingar og aðrar upplýsingar sem liggja fyrir um starfsemi starfsemi.

Sé uppi rökstuddur grunur um að skráður aðili sem stundar skráningar- eða leyfisskylda gististarfsemi hafi farið gerst út brotlegur fyrir við mörk ákvæði leyfilegrar laganna nýtingar eða reglugerðar þessarar er sýslumanni heimilt að kalla eftir nauðsynlegum gögnum frá skráningarskyldum aðilum, s.s. nýtingaryfirliti upplýsingum frá bókunarvefjum, m.a. í því skyni að meta umfang starfseminnar eða ganga úr skugga um að starfsemin fari ekki út fyrir mörk leyfilegrar nýtingar.

Sýslumaður skal einnig hafa eftirlit með því að skráningarskyldir skráningar- og leyfisskyldir aðilar noti úthlutað skráningarnúmer skráningar- eða leyfisnúmer í markaðssetningu sinni.

Sýslumanninum í tengslum við eftirlit og beitingu viðurlaga vegna skráningar- eða leyfisskyldrar gististarfsemi er sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er heimilt sem eftirlitsaðila með heimagistingu:

- Að leita atbeina lögreglu við að kanna hvort útteiga skráningar- eða formi leyfisskyld heimagistingar gististarfsemi sé starfrækt á viðkomandi stað.
- Að fara fram á að lögreglustjóri, án fyrirvara eða aðvörunar, stöðvi skráningar- eða leyfisskylda gististarfsemi sem fer fram án skráningar eða leyfis.
- Að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem rekur leyfisskylda gististarfsemi án tilskilins leyfis eða heimagistingu án skráningar. eða Sýslumanni selur er gistingu einnig til heimilt samanlagt að

lengri leggja tíma stjórnvaldssektir á skráða aðila sem stunda útleigu lengur en 90 daga innan á tiltekins almanaksárs ári eða hefur hafa hærri tekjur af sölu gistingar en nemur viðmiðunarfjárhæð í lögum um virðisaukaskatt, sbr. 13. gr. reglugerðar þessarar. Einnig þá er sýslumanni heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem ekki notar númer úthlutað skráningar leyfis- eða skráningarnúmer í markaðssetningu. Um stjórnvaldssektir er fjallað í lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

40. gr.

Afskráning og synjun skráningar.

Sýslumanni er heimilt að afskrá heimagistingu verði aðili uppvis að því að leigja út húsnæði sitt, hvort heldur sem er lögheimili, annað húsnæði í persónulegri eigu eða hvort tveggja, til lengri tíma samanlagt en 90 daga á hverju almanaksári eða fyrir hærri tekjur en skv. viðmiðunarfjárhæð laga um virðisaukaskatt.

Sýslumanni er heimilt að afskrá heimagistingu eða synja um endurskráningu, verði aðili uppvis að því að vanrækja skyldu til að nota úthlutað skráningarnúmer í markaðsefni og kynningum.

Sýslumanni er heimilt að afskrá heimagistingu eða synja um endurskráningu verði aðili uppvis að því að vanrækja aðrar skyldur sem gilda um heimagistingu samkvæmt öðrum lögum og reglugerðum eða brjóta að öðru leyti gegn skilyrðum eða skilmálum skráningar.

Sýslumanni er einnig heimilt að afskrá heimagistingu eða synja um endurskráningu, hafi aðili gefið rangar upplýsingar við skráningu, eða uppfylli ekki lengur skilyrði skráningar t.d. vegna breytinga á lögheimili. Þá er sýslumanni heimilt að afskrá heimagistingu, vanræki skráningarskyldir aðilar að skila umbeðnum gögnum samkvæmt reglugerð þessari.

Sýslumanni ber að senda skráningaraðila tilkynningu um tilefni afskráningar og skal skráningaraðila veittur frestur til að andmæla. Ákvörðun um afskráningu heimagistingar er kæránleg til ráðuneytis í samræmi við lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Sýslumanni er enn fremur heimilt að synja um skráningu eða endurnýjun heimagistingar sé um að ræða ítrekaða afskráningu, misnotkun skráningar eða nýtingaryfirliti eða öðrum gögnum samkvæmt reglugerðinni ekki skilað. Slík ákvörðun er einnig kæránleg í samræmi við lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

V. KAFLI

Númer leyfa og skráninga og fleira.

41. gr.

Skráningarnúmer.

Við skráningu heimagistingar fær skráningaraðili númer sem nota skal í markaðssetningu viðkomandi eigna. Sama gildir um rekstraraðila sem hafa útgefið rekstrarleyfi. Leitast skal við að tryggja að skráður heimagistingaraðili haldi skráningarnúmeri sínu þótt skráning sé ekki endurnýjuð árlega.

Númerið skal birt á áberandi stað í markaðsefni og ber skráningaraðili almennt ábyrgð á því að svo sé gert. Sé um að ræða markaðssetningu í útvarpi er ekki þörf á að númer aðila sé lesið upp. Að öðru leyti skal nota og birta skráningarnúmerið í öllu markaðsefni, þar með talið á vefsíðum, auglýsingum í sjónvarpi, netmiðlum og öðrum áþreifanlegum miðlum. Þá skal skráningarnúmer einnig koma fram á skiltum eða merkingum fyrir utan eða í nágrenni gististaðar.

Skráningarnúmer skal birta í góðri leturstærð þannig að læsilegt sé.

42. gr.

Miðlæg skrá.

Embætti sýslumanna skulu halda miðlæga skrá yfir veitt rekstrarleyfi og tækifærisleyfi. Í skránni skulu vera ítarlegar upplýsingar um starfsemina, nafn og kennitala leyfishafa og ábyrgðarmanns, nafn staðar, hvar starfsemi er rekin, til hvaða flokks hún telst, númer leyfis, gildistími leyfis, heimilan afgreiðslutíma skv. rekstrarleyfi ásamt upplýsingum um gestafjölda eftir því sem við á.

Jafnframt skal haldin skrá með upplýsingum um skráða heimagistingu. Þar skulu koma fram nöfn þeirra einstaklinga sem eru með skráða heimagistingu, skráningarnúmer og staðsetning heimagistingar.

Skrár samkvæmt þessari grein skulu birtar á vef sýslumanna.

Embætti sýslumanna skulu jafnframt halda skrá yfir þá sem sviptir hafa verið rekstrarleyfum.

Leyfisveitendur, hver í sínu umdæmi, bera ábyrgð á að skrá upplýsingar í skrár skv. 1. og 2. mgr.

43. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari varðar refsingu samkvæmt ákvæðum laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

44. gr.

Gildistaka og brottfall.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum að höfðu samráði við umhverfis- og auðlindaráðherra hvað varðar hlutverk heilbrigðisnefnda, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

~~Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. desember 2016.~~

~~F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,~~

~~Kristján Skarphéðinsson.~~

~~Elisabet Anna Jónsdóttir.~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.